



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjaness

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 14
(354) 845 85 10

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Pór Hjaltalín
Minjavörður Reykjaness
thor@minjastofnun.is

Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og skipulagssvið
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

7. júlí 2020
MÍ202006-0048/ 6.08 / P.H.

Efni: Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 - Hafnarsvæði H1 og H2

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar frá 5. júní 2020, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu á Flensborgarhöfn og hluta Suðrhafnar og eru merktir sem H1 og H2 á aðalskipulagsupprætti. Fylgigagn var *Skipulagslýsing*, dagsett 15. maí 2020. Tilgangur breytinganna er að skilgreina umrætt skipulagssvæði sem miðsvæði / blönduð byggð, þar sem gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun og byggð með áherslu á þjónustu, atvinnustarfsemi og íbúðabyggð. Í framhaldi verður svo unnið að gerð deiliskipulags fyrir einstaka hluta hverfisins.

Fyrir liggur fornleifaskráning sem gerð var á skipulagssvæðinu í júní 2020; Heiðrún Eva Konráðsdóttir: *Hafnarfjörður. Suðrhöfn. Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsbreytinga* (Byggðasafn Hafnarfjarðar 2020). Með skrá þessari hefur ákvæði 16. gr. *laga um menningarminjar*, þar sem kveðið er á um fornleifaskráningu í tengslum við skipulagsvinnu, verið uppfyllt. Í niðurstöðum skýrslunnar segir (bls. 4) „Engar fornleifar fundust við vettvangsathugun í júní 2020 enda svæðið nánast allt á landuppfyllingu og það svæði sem er utan fyllingarinnar hefur verið raskað mikið síðustu áratugi. Á því svæði er töluverð saga og þarf að gæta sérstakrar varúðar ef framkvæmdir hefjast á því svæði“. Tekið er undir þetta hér, enda ljóst að minjar geta leynst í jörðu þótt þær séu ekki greinanlegar á yfirborði.

Í skipulagslýsingunni segir á bls. 9 að unnið sé að gerð húsakönnunar í samræmi við 37. gr. *Skipulagslaga*. Mikilvægt er að þau gögn liggi fyrir áður en farið verður í frekari deiliskipulagsvinnu, þar sem taka þarf afstöðu til varðveislugildis þeirra húsa sem þegar standa á skipulagssvæðinu.

Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna eða aðalskipulagsbreytinguna, eins og hún hefur verið kynnt.

Virðingarfyllst,

Þór Hjaltalín
Minjavörður Reykjaness

Afrit sent: Skipulagsstofnun